

Innviðaráðuneytið

Sölvhólsgrata 7

101 Reykjavík

Hólmavík 13.06.23

Efni: Kvörtun vegna stjórnarsýslu oddvita Strandabyggðar – Málsnr. ráðuneytis: IRN23030021.

Vísað er til bréfs innanríkisráðuneytisins, dags. 26. maí sl., þar sem tilkynnt er að borist hafi erindi vegna meintrar ólögætrar stjórnarsýslu Strandabyggðar. Nánar tiltekið er kvartað undan ákvörðun oddvita sveitarfélagsins um að neita kjörnum fulltrúum um að leggja fram tillögu á sveitarstjórnarfundi og að flokka mál sem tekin eru fyrir á sveitarstjórnarfundi. Snýr álitaeftir á helstu mat ráðuneytisins að málfrelsi og tillögurétti sveitarstjórnarmanna sem varin er í 26. gr. sveitarstjórnarlaga og mögulega rétt sveitarstjórnarmanns að fá mál tekin á dagskrá, sbr. 27. gr. sveitarstjórnarlaga.

Með vísan til 113. gr. sveitarstjórnarlaga er óskað eftir umsögn sveitarfélagsins um aðdraganda og meðferð málsins og þau lagasjónarmið sem afgreiðsla sveitarfélagsins byggði á í umræddum máli.

Greinargerð.

Kvörtun minnihluta sveitarstjórnar lýtur að tveimur atriðum:

1. Er oddvita, Þorgeiri Pálssyni, heimilt að neitar sveitarstjórnarmanni A-lista um að leggja fram tillögu í umfjöllun um mál sem er á dagskrá sveitarstjórnarfundar?
2. Er oddvita, Þorgeiri Pálssyni, heimilt að flokka mál sem tekin eru fyrir á sveitarstjórnarfundi í þrjá flokka þ.e. „til afgreiðslu, til umræðu og til kynningar“ og takmarka eða banna umræður um önnur mál en þau sem hann skilgreinir að séu „til umræðu“?

Vert er að skoða þessi atriði nánar svo og málatilbúning minnihlutans. Gullitaður texti er undirritaðs/þP.

Atriði 1.

Í bréfinu kæranda segir:

„Á sveitarstjórnarfundi nr. 1342 var tekið til afgreiðslu mál nr. 5 á dagskránni „5. Bréf frá Björk Ingvarsdóttur f.h foreldra v. málefna Grunnskólans á Hólmavík – til afgreiðslu“. Bréfið var undirritað af foreldrum 18 barna eða 42% barna við Grunnskólann á Hólmavík og snérist um áhyggjur þeirra af skólafarfa, en kennt hefur verið á þessum stöðum í misgóðri aðstöðu eftir að mygla greindist í skólahúsnæðinu á Hólmavík. Þegar hlustað er á upptöku af fundinum (<https://www.youtube.com/watch?v=b3ufj49lyEk&t=745s> umræða um 5. lið hefst á mínútu 9:18) kemur í ljós að A-listinn óskaði eftir að afstaða væri tekin til tillögu sem þau vildu leggja fram en oddviti hafnar

því að þau geti lagt fram tillögu fyrir fundinn því hún hafi ekki komið fram í fundargögnum fyrir fundinn. Tillagan snerist um það mál sem var til umræðu. Í framhaldi óskar A-listinn eftir að leggja tillöguna fram sem bókun. Eftirfarandi var bókað í fundargerð sveitarstjórnarfundar um þetta mál:

„5. Bréf frá Björk Ingvarsdóttur f.h foreldra v. málefna Grunnskólans á Hólmavík – til afgreiðslu

Oddviti þakkar bréfitara fyrir hönd sveitarstjórnar. Þarna koma fram margar góðar spurningar, sem þó var svarað eins og hægt var á upplýsingafundi fyrir foreldra þann 2.2. sl. Oddviti leggur til að sveitarstjóra verið falið að svara bréfi foreldra eins ítarlega og fyrirliggjandi upplýsingar gefa tilefni til. Matthías Sævar Lýðsson leggur fram eftirfarandi bókun fyrir hönd A-lista:

„Sveitarstjórnarmenn A-lista leggja til að þegar í stað sé unnið að því að koma skólastarfi á einn stað með því að útvega færanlegar kennslustofur sem settar verði upp þar sem hægt er að tryggja eðlilega og örugga útivist allra nemenda í grunnskólanum. Núverandi staða er óásættanleg með tilliti til Grunnskólalaga, réttinda barna og ungmenna og aðstöðu starfsmanna skólans.“

Oddviti bendir á að umræða um færanlegar skólastofur hefur þegar farið fram innan sveitarstjórnar og verður skoðað nánar þegar upplýsingar um kostnað og umfang viðgerða liggur fyrir.

Samþykkt samhljóða.“

Hér er rétt að byrja á endinum. Sveitarstjórn samþykkir á fyrrgreindum fundi þann 14. febrúar sl. afgreiðslu þessa máls samhljóða. Sú samþykkt snéri m.a. að því að sveitarstjóri skyldi svara bréfi Bjarkar Ingvarsdóttur f.h. foreldra, beint, eins og venja er. Tekið er fram, að svarið eigi að vera eins ítarlegt og fyrirliggjandi upplýsingar gefa tilefni til. Það hefur ætíð verið stefna sveitarstjórnar Strandabyggðar, og um það hefur verið sátt, að taka ákvarðanir þegar fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir.

Sveitarstjórn samþykkir hér samhljóða að sveitarstjóri svari áður nefndu bréfi, en engu að síður kemur kvörtun, þann 16. febrúar sl. eða tveimur dögum eftir fundinn frá minnihlutunum, eins og fjallað er um hér síðar í greinargerðinni. Þetta hefur ítrekað gerst, að minnihlutinn samþykkir mál eða afgreiðslu mála en kúvendir síðan í afstöðu sinni. Hefur oddviti margsinnis biðlað til minnihlutans um að standa með sameiginlegum ákvörðunum sveitarstjórnar.

Í bréfi Bjarkar, sem er tengdadóttir Matthíasar Sævars Lýðssonar, oddvita minnihlutans, voru 13 spurningar. Vildi A listinn velja nokkrar þeirra úr og svara þeim sérstaklega á fundinum. Venjan er sú, þegar sveitarfélaginu berst bréf af þessu tagi, að bréfitara er þakkað fyrir bréfið og sveitarstjóra falið að svara því, eins og kemur fram í fundargerð og sveitarstjórn samþykkir samhljóða. Þessi háttur var hafður á í því tilviki sem hér er ræðir og þá með sama hætti og áður. Bæði bréf Bjarkar og svör sveitarstjóra eru viðhengi með þessari greinargerð.

Það er rétt að það komi fram, að á þessum tíma var ágreiningur milli meirihluta og minnihluta um vissar leiðir við uppbyggingu grunnskólans. Þær spurningar í bréfi Bjarkar sem minnihlutinn vildi taka til umræðu á fundinum, sérust um þann ágreining. Oddviti mat það því svo að: a) mikil umræða hafði þegar farið fram um málefni grunnskólans, b) sveitarstjóra er ávallt falið að svara svona bréfum og c) tilgangur A lista var af pólitískum toga og oddviti ætlaði ekki að hleypa fundinum upp í slíka umræðu.

Það er rétt að nefna, að á opnum foreldrafundi skömmu áður, var farið vel í mörg þeirra mála sem Björk víkur að í bréfi sínu, þannig að það hafði þegar átt sér stað góð umræða um málefni grunnskólans. Í svarbréfi sveitarstjóra var síðan farið skilmerkilega í allar spurningarnar og þeim svarað eins ítarlega og hægt var. Það skal tekið fram, að oddviti neitaði minnihlutanum ekki að leggja fram tillögu, en vatkti athygli á að tillagan hefði ekki komið fram í fundarboði né að beðið hefði verið um afbrigði í byrjun fundar. Oddviti sagði það engu að síður sjálfsgagt mál að hlýða á tillöguna, en að bréfi foreldra yrði efnislega ekki svarað á fundinum, heldur síðar af sveitarstjóra. Þá óskaði Matthías strax eftir að fá að leggja fram bókun og heimiliaði oddviti það.

Sú tillaga sem Matthías hafði líklega ætlað sér að leggja fram, kemur fram í þeirri bókun sem hann setti fram við þennan dagskrárlið og snéri að því að „þegar í stað yrði farið í það að koma skólastarfinu á einn stað og þá með því að sveitarstjórn staðfesta það á þessum fundi að farið yrði í það að kaupa færarnlegar skólaeiningar“. Slík ákvörðun hefði gengið þvert á staðfesta og samþykktu stefnu sveitarstjórnar, um að ákveða ekki neinar fjárfestingar eða taka almennt ekki ákvarðanir í þessu máli nema að vel athuguðu máli og með sem mestar upplýsingar á borðinu. Viðurkenndi Matthías á fundinum að hann stæði við þann skilning og væri sammála oddvita um að bíða með ákvörðun um kaup. Bókun minnihlutans fékk hins vegar að standa.

Það má svo bæta því við, að oddviti tók ákvörðun um að sækja um styrk til Fiskeldissjóðs til kaupa á færarnlegum skólaeiningum. Niðurstaðan var að Fiskeldissjóður styrkti sveitarfélagið um 24,4 milljónir til þessara kaupa. Það er því alveg ljóst að meirihlutinn hefur alla tíð stutt þess leið, og skoðað hana með minnihlutanum. Um það ríkti ekki ágreiningur og því þjónaði það ekki tilgangi að taka það mál sérstaklega fyrir á umræddum fundi enda var erindi Bjarkar einungis til meðferðar á fundinum og var samstaða um að fela sveitarstjóra að svara bréfinu fyrir hönd sveitarstjórnar.

Ennfremur segir í bréfi minnihluta til ráðuneytisins, hér vísar Matthías í samskipti hans við oddvita:

„Þann 16. febrúar 2023 (15:55) sendi Matthías fyrsti maður á A-lista eftirfandi bréf til oddvita og aðalmenn í sveitarstjórn fá afrit:

„Blessaður Þorgeir.

Á sveitarstjórnarfundi 1342 þá neitaðir þú mér að leggja fram tillögu undir lið 5 þegar rætt var um bréf frá hópi foreldra.

Í 20 gr. SAMÞYKKT um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Strandabyggðar stendur í 4. málsgrein „Sveitarstjórnarmenn hafa málfrelsi á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum sveitarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar.“

Þarna kemur skýrt fram að sveitarstjórnarmenn hafa tillögurétt og þér var ekki stætt á að neita mér um að leggja fram tillögu þó ég hafi gefið þér það eftir. Ekki datt okkur Hlíf í hug að amast við því að þú kæmir með óundirbúna tillögur inn á fundinn svo sem í þessu máli þar sem þú lagðir fram tillögu um að fela sveitarstjóra að svara erindinu.

Þú segir að mikill tími hafi farið í lögfræðiaðstoð við að svara kærnum. Ef starfaðir betur eftir Sveitarstjórnarlögum og Samþykktum um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Strandabyggðar þá væri suðurferðirnar færri og lögfræðikostnaðurinn minni.

Svo geri ég ráð fyrir því að ef ég þarf að leita mér lögfræðiaðstoðar vegna stjórnslu þinnar þá greiði Strandabyggð þann kostnað.

Með kveðju,

Matthías Lýðsson

Sveitarstjórn Strandabyggðar““

Hér minnst Matthías ekkert á þá staðreynd, að samþykkt var samhljóða, líka af honum sjálfum, sú afgreiðsla að sveitarstjóri svaraði bréfi Bjarkar. Hann minnst ekkert á þá staðreynd, að sveitarstjórn hafði rætt og var sammála um að kaupa færanlega skólastofu. Hann minnst ekkert á þá staðreynd, að á foreldrafundi hafi farið fram góð umræða um margt af því sem fram kom í bréfi Bjarkar. Allt þetta kýs Matthías Sævar Lýðsson að nefna ekki, enda hefði umræðan og málf lutningur minnihlutans þá litið öðruvísi út.

Áfram segir síðan í bréfi minnihlutans:

„Svar oddvita Strandabyggðar barst sama dag þ.e. 16. febrúar 2023(16:09) var eftirfarandi:

„Sæll Matthías,

Nú skulum við hafa eitt á hreinu: Það er í mínu valdi sem oddvita að a) ákveða fundardagskrá og b) stýra umræðu á fundum. Lestu samþykktir um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Strandabyggðar greinar 10 og 16. <http://www.strandabyggd.is/stjornsysla/tilkynningar/skra/707/>

Mér var því vel stætt á að neita þér að leggja fram tillögu, sem a) ekki var á dagskrá og b) hafði ekki verið tilnefnd sem afbrigði, á þeim tímapunkti þegar það hefði átt við. Þegar sveitarstjóra er falið að svara erindi, er ekki um að ræða hefðbunda tillögu eða erindi, heldur verklag til að koma málum í farveg. Mér datt ekki í huga annað en að þið vissuð þetta, eins vel og þið virðist lesa lög og reglur.

Þegar Strandabyggð fær á sig kvörtun eða kæru vegn meintra ólögætrar stjórnslu, þá er það ekki mitt einkamál, heldur mál sveitarfélagsins, sem ég sem oddviti og sveitarstjóri þarf að svara. Þú hlýtur að skilja það. Allt sem hingað til hefur snúist um mína persónu eingöngu, hef ég greitt úr eigin vasa.

Kveðja

Þorgeir“

Í framhaldi af þessum tölvupósti Þorgeirs má taka fram að kvartanir eða óskir um úrskurð vegna stjórnslu Strandabyggðar hafa allar snúist um stjórnslu oddvita, Þorgeirs Pálssonar.

Er oddvita, Þorgeiri Pálssyni, heimilt að neita sveitarstjórnarmönnum A-lista um að leggja fram tillögu í umfjöllun um mál sem er á dagskrá sveitarstjórnarfundar?“

Rökstuðningur fyrir ákvörðun oddvita um synjun erinda

Þar sem þetta er ekki í fyrsta sinn sem minnihlutinn sakar undirritaðan um brot á sveitarstjórnarlögum hefur undirritaður leitað lögfræðilíts vegna þessa. Lögfræðingur sveitarfélagsins er Björn Jóhannesson hjá Megin Lögmannsstofu.

Sem bakland fyrir synjun hefur undirritaður haft eftirfarandi til hliðsjónar:

1. Samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Strandabyggðar, 10. gr. dagskrá sveitarstjórnarfunda. Þar kemur fram: **Framkvæmdastjóri semur dagskrá** sveitarstjórnarfunda í samráði við oddvita.
2. Samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Strandabyggðar, 16. gr. um fundarsköp og ritun fundargerða. Þar segir í lið b, vald oddvita. **Skylt er sveitarstjórnarmanni að lúta valdi oddvita** í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu.
3. **Tilgangur umræðu.** Jafnvel þó horft sé framhjá liðum 1 og 2 hér frammar, þá leggur undirritaður þann skilning í lögin, að **það verði að vera tilgangur með því að taka mál á dagskrá.** Það hefur lögmaður sveitarfélagsins staðfest. Í þessari greinargerð hefur verið bent á að undirritaður mat það svo að það væri enginn tilgangur fólgin í því að ræða efnislega um þau mál sem óskað var að ræða, enda hafði umræða þegar farið fram og var samþykkt af sveitarstjórn í vissum tilvikum. Tilgangur minnihlutans var að koma ágreiningsmálum á framfæri, **í því skyni að tortryggja og grafa undan stjórnarsýslu Strandabyggðar, þeirri sömu stjórnarsýslu og minnihlutinn er hluti af og gengst ítrekað við, með því að samþykkja afgreiðslu erinda samhljóða með meirihlutanum.**

Til að undirstrika þennan tilgang minnihlutans, er hér texti frá sveitarstjórnarfundi 1345 frá 9. maí sl., þar sem Matthías Sævar Lýðsson, les upp texta í bókun sinni, með tilvísun í svar lögmanns sveitarfélagsins, Björns Jóhannessonar. Matthías **gerir hins vegar ekki greinarmun** á sínum texta eða texta Björns, **heldur les hvoru tveggja sem eina heild.** Af því mál ráða að Björn hafi svarað með þeim hætti sem Matthías las, m.a. þar sem segir, að oddviti hafi brotið lög. Þegar oddviti spyr Matthías hvort þetta orðalag sé frá Birni, viðurkennir Matthías að svo sé ekki og les aftur textann, og þá eingöngu texta Björns. Þarna leggur Matthías Birni orð í munn, sem gerbreytir afstöðu Björns, sem eingöngu er fagleg, án þess að í henni felist álit um meint lögbrot oddvita. Textinn er svohljóðandi:

„Enn einu sinni hefur meiri hluti T-lista brotið á rétti sveitarstjórnarmanna A-lista með því að neita að taka mál á dagskrá fundarins, sem barst 6 dögum fyrir sveitarstjórnarfund. Oddviti sagðist hafa dagskrárvaldið og hann geti ákveðið hvaða mál verði á dagskrá sveitarstjórnarfunda án tillits til óska annarra sveitarstjórnarmanna. Nú hafa sveitarstjórnarmenn T-lista staðfest þessa ákvörðun oddvita sveitarfélagsins. Eftir að oddviti vitnaði til að hann hefði álit lögfræðings sveitarfélagsins á þessu atriði ákváðu sveitarstjórnarmenn A-lista að fá þetta staðfest frá Birni Jóhannessyni, hæstarréttarlögmanni. Í niðurstöðu Björns segir: „Hver og einn sveitarstjórnarmaður á rétt á því að mál sé sett á dagskrá sveitarstjórnarfundar enda séu uppfyllt eftirtalin skilyrði: 1) málið falli undir verksvið sveitarstjórnar og varði hagsmuni þess eða verksvið. 2) ósk þar að lútandi hafi borist framkvæmdastjóra sveitarfélagsins skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund. Víkja má frá þessu ef 2/3 hluti fundarmanna á fundi sveitarstjórnar samþykkja að málið sé tekið fyrir á viðkomandi fundi.““

Hér lýkur tilvitnun í orð Björns, en Matthías segir ekki frá því á sveitarstjórnarfundinum og heldur þess í stað áfram að lesa:

„Það er því alveg skýrt að með því að neita sveitarstjórnarmönnum að setja mál, löglega fram borin, á dagskrá sveitarstjórnarfundar brjóta oddviti og meirihluti T-lista sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 og samþykktir um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Strandabyggðar.“

Þessi texti sem hér er gullitaður, eru orð Matthíasar, **ekki** Björns. Og það er auðvitað grafalvarlegt mál, þegar oddviti minnihlutans leggst svo lágt að gera lögmanni sveitarfélagsins upp meiningar í garð oddvita sveitarfélagsins í beinni útsendingu, með því að blanda saman orðum lögmanns og sínum. Það mál eitt og sér, ætti að undirstrika á hvaða nótum minnihlutinn starfar. **Það eru þessi vinnubrögð sem undirritaður vill ekki fá inn á sveitarstjórnarfundu.**

Atriði 2.

Seinna umkvörtunarefnið snýr að orðalagi eða skilgreingum á eðli erinda á sveitarstjórnarfundum. Um það segir í erindi minnihlutans til ráðuneytisins:

„Þegar dagskrá sveitarstjórnarfundar nr. 1342 er skoðuð kemur í ljós að liðir á dagskránni eru flokkaðir í þrjú flokka þ.e. til afgreiðslu, til umræðu og til kynningar. Á fundinum kom í ljós að þau atriði sem flokkuð voru „til kynningar“ átti ekki að leyfa umræður um og ítrekaði oddviti það við fundarmenn að undir 10. lið (<https://www.youtube.com/watch?v=b3ufj49lyEk&t=745s> á mínútu 33:10) þar sem Þorgeir Pálsson segir „það verða ekki umræður um þessi mál á þessum fundi.“ Með þessu takmarkaði oddviti málfrelsi sveitarstjórnarmanna á sveitarstjórnarfundu.

Þegar fjallað var um þau mál sem voru „til afgreiðslu“ hafi oddviti framsögu kom fram með tillögu og bar hana upp án þess að gefa orðið laust um þau mál.

Er oddvita, Þorgeiri Pálssyni, heimilt að flokka mál sem tekin eru fyrir á sveitarstjórnarfundu í þrjú flokka þ.e. „til afgreiðslu, til umræðu og til kynningar“ og takmarka eða banna umræður um önnur mál en þau sem hann skilgreinir að séu „til umræðu“?

Rökstuðningur fyrir ákvörðun oddvita um að ræða ekki tiltekin mál, sem eru lögð fram til kynningar

Fyrri atriðið snýr að umræðu á sveitarstjórnarfundu nr. 1342, 14. febrúar sl. varðandi greinargerðir til og frá innviðaráðuneyti vegna kvartana frá fyrrverandi sveitarstjórn, minnihluta og Hafdísar Sturlaugsdóttur. Öll þessi mál eru enn til umfjöllunar hjá innviðaráðuneytinu. Oddviti mat það þannig, að; a) innviðaráðuneyti er með málin til umfjöllunar og meðan niðurstaða liggur ekki fyrir, er ekki rétt að ræða þau efnislega á fundinum og b) málin eru lögð fram til kynningar og íbúar hvattir til að kynna sér þau á heimasíðu Strandabyggðar, c) þetta eru að hluta til viðkvæm mál sem hafa tætt samfélagið og tengjast fyrri sveitarstjórn

Úr dagskrá fundarins, sem sýnir hvaða mál um ræðir:

10. Bréf frá Innviðaráðuneyti frá 07.02.2023 vegna kvörtunar Hafdísar Sturlaugsdóttur vegna misræmis í fundargerðum – til kynningar

11. Erindi frá Innviðaráðuneyti vegna meintrar ólögsmætrar stjórnsýslu Strandabyggðar frá 10.01.2023, varðandi bréf fyrrverandi sveitarstjórnar 30.08.22 og bréf frá fulltrúum A- lista almennra borgara frá

30.08.22 ásamt greinargerð Strandabyggðar og Þorgeirs Pálssonar, til Innviðaráðuneytis frá 31.01.2023 vegna erinda um meintra ólögmeðtra stjórnarsýslu Strandabyggðar– til kynningar

12. Bréf Innviðaráðuneytis frá 10.01.2023 varðandi kvörtunar Þorgeirs Pálssonar vegna stjórnarsýslu sveitarfélagsins í tengslum við ráðstöfun á fasteign í eigu sveitarfélagsins, frá 20.08.2021 – til kynningar

Að auki hafði undirritaður ráðfært sig við lögmann Sambands Íslenskra sveitarfélaga um hugsanlega umræðu um mál sem lögð væru fram til kynningar. Í svari sínu sagði þáverandi lögfræðingur, Guðjón Bragason: „Myndi ætla að ef óskað er eftir umræðu um þessa fundarliði sé einfaldast að sá sem erindið varðar víki af fundi á meðan sú umræða fer fram. **En erindi til kynningar ætti vitaskuld ekkert endilega að verða tilefni til umræðu?**

Kveðja, Guðjón Bragason“.

Hér var raunar spurt hvort sveitarstjórnarmenn þyrftu að víkja af fundi ef mál þeim tengt er lagt fram til kynningar. Afstaða Guðjóns er engu að síður skýr; **mál sem lögð eru fram til umræðu, þarf ekki endilega að ræða.**

Ástæða þess að erindi eru skilgreind með þessum hætti á sveitarstjórnarfundum, er einföld; til að einfalda afgreiðslu, skerpa áherslur á fundum og stytta fundartíma. Fundir sveitarstjórnar Strandabyggðar hafa oft dregist á langinn og umræðan af hálfu minnihlutans oft verið ómarkviss og ekki alltaf í takt við dagskrá fundar. Eins virðist sem sú staðreynd að fundunum er streymt á Youtube, losi enn frekar um málbein fulltúa minnihlutans. Þessu vildi oddviti breyta og tilkynnti því um breytingar á fundarstjórn á sveitarstjórnarfundi nr. 1339, 13 desember 2022:

„1. Breyttar áherslur á framkvæmd sveitarstjórnarfunda. Greinargerð frá oddvita: Með vísan í sveitarstjórnarlög, sérstaklega III kafla og þá sérstaklega gr. 19 og IV kafla, og einnig samþykktir um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Strandabyggðar, sérstaklega gr. 16, tilkynnist hér með að aukin áhersla verður lögð á að fundarsköp á sveitarstjórnarfundum í Strandabyggð taki mið af áðurnefndum lögum og samþykktum, frá og með sveitarstjórnarfundi 1339, þann 13.12.2022.“

Frá áramótum 2022 hefur verið reynt að skerpa á þessum þáttum og eins hafa öll erindi verið skilgreind með þeim hætti áður er greint frá; til kynningar, til umræðu eða til afgreiðslu. **Minnihlutinn hefur aldrei, á nokkrum fundi, mótmælt þessu fyrirkomulagi og aldrei hefur það gerst að nokkur í sveitarstjórn hafi ekki samþykkt fundargerð og þar með afgreiðslu mála.** Það vekur því enn og aftur furðu, að minnihlutinn setji nú út á þessa tilhögun.

Mikilvægt er einnig í þessu sambandi að hafa í huga að **oddviti kemur ekki einn að því að ákveða flokkun erinda** fyrir sveitarstjórnarfundi. Það er rangt hjá minnihlutunum að halda slíku fram. Verklagið er þannig, að skrifstofustjóri og oddviti, gera drög að dagskrá sveitarstjórnarfunda og þá er jafnframt kallað eftir tillögum að erindum/málum frá oddvita minnihluta varðandi dagskrá viðkomandi fundar. Oddviti minnihluta sendir í framhaldinu inn tillögur/mál minnihlutans sem óskað er eftir að fari á dagskrá fundarins. Þegar endanleg drög að dagskrá eru komin, eru þau send á báða oddvita og þá með þessum skilgreiningum og þar gefst oddvitum enn á ný kostur að gera athugasemdir við dagskrána og þá flokkun sem þar kemur fram varðandi flokkun mála. Á engan hátt er verið að takamarka málfrelsi

sveitarstjórnarmanna heldur er þetta liður í því að gera fundina markvissari og skilvirkari. Er þetta gert í fullu samráði við oddvita minnihluta.

Niðurlag

Allt frá 31.maí 2022, hefur oddviti þurft að sitja undir ásöknunum um ólögmæta stjórnslu og brot á sveitarstjórnarlögum eins og fram er komið. Á sama tíma hefur oddviti lesið samþykktir, sveitarstjórnarlögin, leitað til lögfræðinga Sambands íslenskra sveitarfélaga og lögmanns sveitarfélagsins, til að undirbyggja sínar ákvarðanir. Enginn er hins vegar óskekull, en undirritaður hefur ávallt reynt að stýra umræðu á fundum með gæði umræðunnar að leiðarljósi. Sveitarstjórnarfundir í Strandabyggð eiga ekki að vera vettvangur fyrir aðdróttanir, skítkast, dylgjur, ósannindi eða aðra ófaglega framkomu.

Það sem hér hefur verið rakið, ætti að undirstrika eftirfarandi:

- Langflestar þeirra ákvarðana sem sveitarstjórn hefur tekið, undir stjórn og áherslum undirritaðs, hafa verið samþykktar samhljóða
- Minnihlutinn kvartar yfir málum sem fullkomin samstaða ríkir um, jafnvel mál sem hafa verið rædd og staðfest á sveitarstjórnarfundum
- Áherslur minnihlutans í kvörtunarbréfum sínum, snúast oft um oddvita og stundum persónuna Þorgeir Pálsson (líkt og hér) og eiga ekkert skylt við málefnalega umræðu.

Hér er því ekki um efnislega né málefnalega umræðu að ræða af hálfu minnihlutans, heldur er persóna oddvita í forgrunni og allt gert til að gera ákvarðanir oddvita tortryggilegar. Í öllum tilvikum hefur verið gætt að því að mæta óskum minnihlutans varðandi efnislega umræðu og tillögur í þessum málum sem og öðrum málum sveitarfélagsins, að mati oddvita.

Með kveðju

Hólmavík 13. júní 2023

Þorgeir Pálsson

Oddviti/sveitarstjórn Strandabyggðar